

Ed.

397. Breytingartillögur

[63. mál]

við frv. til laga um húsaleigu.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 22. gr. Greinin orðist svo:

Leigusala er skylt að halda leigðu húsnæði vel við að utan og innan. Hann skal einnig hafa í góðu lagi allar leiðslur, hvort heldur er innan húss eða að og frá hinu leigða húsnæði. Leigusala ber einnig að halda við öllum tækjum, er húsnæðinu fylgja, svo sem eldavél, baðherbergistækjum, salernisskálum, þvottaskálum, krönum, raftenglum og ljósastæðum.

Heimilt er að ákveða í leigusamningi, að leigutaki skuli annast viðhald hins leigða húsnæðis að meira eða minna leyti, enda sé fullt tillit tekið til þess til lækkunar á leigumála.

2. Við 29. gr. Greinin falli niður.
3. Við 35. gr. Greinin falli niður.
4. Við 36. gr. Greinin falli niður.
5. V. og VI. kafli frv. verði einn kafli (V. kafli) með fyrirsögninni: Skyldur leigusala og leigutaka.
6. Við 61. gr. Töluliður 1 falli niður.